

Sundlaug Akureyrar

Afhending 2018/14

Fyrsta sundlaugin sem byggð var á Akureyri var gerð árið 1897 með torffyrirhleðslu í læk sem rann um Grófargil. Sú laug var fyrst um sinn kölluð Sundpollurinn og átti það til að verða gruggug og óhentug til sundferða. Árið 1922 voru byggðir veggir á sundpollinn og árið 1936 var botn steypdur. Allt fram til ársins 1933 var laugin köld en það ár var leitt heitt vatn í laugina úr Glerárdal. Rafmagn var notað til vatnshitunar fyrir sundlaugina um tíma en frá 1978 hefur sundlaugin fengið heitt vatn frá Hitaveitu Akureyrar, sem síðar varð Norðurorka.

Árið 1956 var tekið í notkun nýtt hús við sundlaugin og í kjallara þess er innilaug ætluð til sundkennslu. Einnig voru í húsinu búningsklefar, gufubað og afgreiðsla.

Árið 1994 var farið í miklar framkvæmdir við sundlaugina. Sundlaugarhúsið var töluvert endurnýjað, byggðir voru nýjir búningsklefar, nýr nuddpottur var byggður og settar voru upp rennibrautir.

Árið 2017 var aftur farið í stórfelldar framkvæmdir. Þá voru rennibrautir endurnýjaðar, lendingarlaug fyrir rennibrautirnar var stækkuð, nýjir pottar voru teknir í notkun og eldri laugar voru lagfærðar.

Afhendingin barst frá Elínu Dögg Guðjónsdóttur. Aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara eru 927, 2015/52 og 2016/29.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
19. desember 2019

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir
Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
Sundlaug Akureyrar			2018 / 14
B-Málaskrá og málafn			
BB-Málafn/01-201 Bréfasafn almennt		1979 - 1996	
2018 - BB / 4	1	1991- 1992	Ýmis skjöl 1992 m.a.: Tillögur um úrbætur v. innheimtu Listi yfir viðgerðir á tækjum og öðru Verðskrá fyrir Sundlaug Akureyrar 27.08.1992 Listi yfir verkefni Í.T.A. vegna framlags atvinnubótasjóðs Auglýsing með opnunartíma og þjónustu Sala sundkorta til nemenda framhaldsskólanna (skólakort) Mælingar á hitastigi og klórinnihaldi lauga og potta Vaktaskipulag Greinargerð um framtíðarverkefni sundfélagsins Óðins
2018 - BB / 4	2	1979- 1995	Ýmis skjöl varðandi framkvæmdir og viðhald 1979-1995 m.a.: Ársskýrsla 1991 Skoðunarferð til Þýskalands 24.-31. okt. 1993, ferðatilhögun Ástandskönnun mannvirkja og tækja, desember 1990 Ljósmyndir af teikningum af sundlaugarsvæðinu 11.05.1990 Ýmis gögn varðandi tillögur að breytingum við sundlaugina 1990, m.a. -kostnaðaráætlanir og afrit af verksamningum við H.J. Teiknistofu og Verkfræðistofu Norðurlands Uppkast að tillögum til Framkvæmdaáætlunarnefndar v/
2018 - BB / 4	3	1979- 1995	Ýmis skjöl varðandi framkvæmdir og viðhald 1979-1995 m.a.: Gögn í möppu merktri "Sundlaug – leiðrétt og yfirfarið af [ÁÓ?] – Kostnaðaryfirlit GG -Ýmis gögn varðandi samkeppni meðal arkitekta á Akureyri um tillögur að stækkun og breytingu á sundlauginni og um samstarfshóp um sundlaugarmál sem vann úr tillögnum. 1993 Ýmsar teikningar af sundlaugarsvæðinu Ýmsar eftirlitsskýrslur 1994-1995
2018 - BB / 4	4	1994- 1994	Úboðsgögn vegna lóðarframkvæmda við Sundlaug Akureyrar 1994: Útboðslýsing, magnskrá og verklýsing, apríl 1994
2018 - BB / 4	5	1992- 1996	Gögn úr möppu merktri "Fundir forstöðumanna á Akureyri og um landið", m.a.: Hugmyndir að framtíðarskipan félags- og tómstundastarfs í grunnskólum á Akureyri með tilliti til einsetningar. Bergljót Jónasdóttir og Dröfn Friðfinnsdóttir 1995 Bréf um drykkjarskálar sem tannverndarráð gaf 1994 Gögn frá fundum forstöðumanna sundstaða 1995-1996, m.a.: -gögn um stofnun Samtaka forstöðumanna sundstaða 1995 -listi yfir forstöðumenn sundstaða 1995? Gögn frá forstöðumannafundum Í.T.A. 1994

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.	
2018 - BB / 4	6	1991- 1994	Gögn úr möppu merktri "Fundir forstöðumanna á Akureyri og um landið", m.a.: Gögn varðandi starfsmannahald og STAK Gögn um fundi forstöðumana sundstaða 1992-1993 Gögn frá forstöðumannafundum Í.T.A. 1992-1994 Könnun á hversu margir utanbæjar íþróttaiðkendur koma til bæjarins til að keppa. 01.12.1993 Ýmis gögn varðandi Hversdagsleikana 26. maí 1993 Ársskýrsla Íþróttahússins við Laugargötu 1991	
BB-Málasafn/01-204		Rekstur, húsnæði og búnaður,	1943 - 1993	
2018 - BB / 3	1	1949- 1993	Gamlar teikningar: Teikningar 1949-1993	
2018 - BB / 3	2	1943- 1976	Gamlar teikningar: Teikningar úr möppu merktri: Sundlaug – Miðstöð – Raflögn – Hreinsitæki. 1943-1976 -inniheldur líka teikningar af íþróttahúsinu við Laugargötu	Sumar teikningarnar hafa orðið fyrir vatnsskaða
2018 - BB / 3	3	1975- 1975	Gamlar teikningar: Skýrslan: Hitun og hreinsun sundlaugarvatns. Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen fyrir Íþróttanefnd ríkisins. 1975	
BB-Málasafn/01-6		Markaðsmál	1992 - 1996	
2018 - BB / 1	1	1992- 1996	Auglýsingar og tilkynningar 1992(?) -1996	